

Ágæti launagreiðandi.

Borgarnesi 16. janúar 2015

## Efni: Hækkun starfsmenntagjalds

Stéttarfélag Vesturlands vill vekja athygli á því að í kjarasamningi sem undirritaður var 21. desember 2013 var samið um hækkun starfsmenntagjalds um 0,10% sem tæki gildi á eftirfarandi tínum hjá starfsmenntasjóðunum.

### Landsmennt – starfsmenntasjóður verkafólks á landsbyggðinni.

Til sjóðsins er greitt af vinnu þeirra sem starfa skv. kjarasamningum SGS við SA og við Bændasamtökin. Þeir eiga við almennt verkafólk, byggingaverkafólk, iðnverkafólk, starfsfólk á veitinga- og gistihúsum og greiðasölustöðum, starfsfólk í matvælaiðnaði, starfsfólk í fiskvinnslu, bifreiða og tækjastjórnendur, landbúnaðarverkafólk o.fl. **Gjaldið tók hækkun frá og með 01.01.2014 úr 0,20% af heildarlaunum í 0,30% af heildarlaunum.**

### IÐAN Fræðslusetur

Til sjóðsins er greitt af vinnu iðnaðarmanna sem starfa skv. kjarasamningi Samiðnar við SA. **Gjaldið tók hækkun frá og með 1.6.2014 úr 0,40% af heildarlaunum í 0,50% af heildarlaunum.**

Vegna vinnu bifvélavirkja fór gjaldið úr 0,70% í 0,80% af heildarlaunum.


### Starfsmenntasjóður verslunar- og skrifstofufólks

Til sjóðsins er greitt af vinnu starfsfólks í verslunum og í skrifstofustörfum. **Gjaldið tók hækkun frá og með 01.01.2015 úr 0,20% í 0,30%.**

Vinsamlegast takið þetta til athugunar og leiðréttigar eftir atvikum. Þeir launagreiðendur sem ekki hafa leiðrétt þau gjöld sem töku breytingum á árinu 2014 er gefinn kostur á að skila leiðréttum gjöldum til félagsins til loka janúar, eftir þann tíma fer af stað innheimtuferli.

Leiðréttингarskilagreinar óskast sendar Stéttarfélagi Vesturlands, Sæunnargötu 2a, 310 Borgarnes eða í tölvupósti á [stettvest@stettvest.is](mailto:stettvest@stettvest.is). Hægt er að gera skil á gjöldunum inn á bankareikning Stéttarfélagsins: **0354-26-743 kt: 621074-0249.**

Virðingarfyllst,

  
Sjófn Elísa Albertsdóttir  
skrifstofustjóri